



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2007

**Kvörtun Nýju Tæknihreinsunarinnar ehf. yfir notkun
Tæknihreinsunar ehf. á firmanafninu Tæknihreinsun o.fl.**

I.

Erindið og málavextir

Samkeppnisstofnun barst erindi Sigurðar A. Þóroddssonar hdl., f.h. Nýju Tæknihreinsunarinnar ehf., dags. 14. febrúar 2005, þar sem kvartað er yfir notkun Tæknihreinsunar á firmanafninu Tæknihreinsun, óheimilli notkun á skráðu vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar og villandi auglýsingum sem sendar voru út, m.a. til viðskiptavina Nýju tæknihreinsunarinnar.

Í erindinu segir að árið 2002 hafi kvartandi keypt allan rekstur Nýju Tæknihreinsunarinnar, þar á meðal nafn og viðskiptavild. Kvartandi hafi haldið rekstrinum áfram og sé með fjölda viðskiptavina sem skipti reglulega við fyrirtækið. Nýlega hafi kvartandi orðið þess var þegar hann hafði samband við einhverja viðskiptavini sína að þeir fullyrtu að kvartandi væri nýbúinn að vera hjá þeim. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós að nýstofnað fyrirtæki, Tæknihreinsun, hafi sent út kynningarblað með yfirskriftinni „Hreinsum með nýjustu tækni“ og á auglýsingunni hafi verið myndmerkið „*Girl in a tub*“ sem sé í skráðu vörumerki kvartanda. Tæknihreinsun hafi síðan fylgt þessum auglýsingum eftir með því að hafa samband við viðskiptavini kvartanda og tjáð þeim að tími væri kominn til að veita venjulega þjónustu. Viðskiptavinir kvartanda hafi verið alveg grunlausir um að þeir væru ekki að versla við sinn reglulega þjónustuaðila.

Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, nú 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, eru gerðar þær kröfur að Tæknihreinsun verði gert að láta af notkun firmanafnsins Tæknihreinsun, hætta notkun á vörumerki kvartanda og auk þess að fyrirtækið verði beitt viðurlögum.



II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 28. febrúar 2005, var erindi Nýju tæknihreinsunarinnar sent Tæknihreinsun til umsagnar. Svar Ásbjörns Jónssonar hdl., f.h. Tæknihreinsunar, er dagsett 8. apríl 2005. Í svarinu segir að Tæknihreinsun hafi verið skráð án athugasemda í fyrirtækjaskrá þann 14. maí 2004. Forsvarsmenn Tæknihreinsunar hafi farið til Bandaríkjanna til að kynna sér nýja tækni við þrif og fest kaup á vélasamstæðu frá fyrirtækinu S. Morantz Inc. Leyfi til þess að nota kynningarefni seljanda hafi fylgt með í kaupunum.

Við kynningu á starfseminni hafi þeir útbúið kynningarblað þar sem starfsemin var kynnt og sent til hugsanlegra viðskiptavina. Á kynningarblaði þessu hafi komið fram að hér væri um nýja tækni að ræða og notað hafi verið myndmerkið, „*Girl in a tub*“, sem fengið hafi verið af heimasíðu S. Morantz Inc., með leyfi S. Morantz Inc. Tæknihreinsun hafi ekki verið kunnugt um að hér starfaði annað fyrirtæki sem fengið hafði einkarétt á notkun myndmerkis framleiðandans og skráð það í vörumerkjaskrá. Tæknihreinsun hafi nú þegar látið af notkun myndmerkisins.

Því sé mótmælt að verið sé að reyna að nýta viðskiptavild Nýju tæknihreinsunarinnar. Eðlilegt sé við stofnun nýs fyrirtækis að haft sé samband við hugsanlega viðskiptavini, án tillits til þess hvort þeir séu þegar í viðskiptum við keppinaut.

Þá sé því sérstaklega mótmælt að Tæknihreinsun verði gert að láta af notkun firmanafnsins. Það hafi verið skráð án athugasemda í fyrirtækjaskrá. Algengt sé að lýsingarorði sé skeytt fyrir framan nafn, s.s. gamla eða nýja. Nægilegur greinarmunur sé því á firmaheitunum. Þá séu fyrirtækin ekki skráð með sömu starfsemi. Ljóst sé því að ekki geti verið um ruglingshættu að ræða.

2.

Svar Tæknihreinsunar var sent Nýju tæknihreinsuninni til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 13. apríl 2005. Bréf Nýju tæknihreinsunarinnar er dagsett 26. apríl 2005. Í bréfinu kemur fram að S. Morantz Inc. hafi veitt Nýju tæknihreinsuninni einkarétt til notkunar á myndmerkinu „*Girl in a tub*“ og á grundvelli þeirrar heimildar hafi vörumerkið verið skráð hjá Einkaleyfastofu. Jafnframt sé orðmerkið Nýja tæknihreinsunin skráð.

Ítrekað sé að kvartandi telji að notkun Tæknihreinsunar á orðinu tæknihreinsun og skráðu vörumerki sé brot á rétti hans og almennu viðskiptasiðferði. Þá séu fyrri kröfur ítrekaðar.



3.

Bréf Nýju tæknihreinsunarinnar var sent Tæknihreinsun til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 27 apríl 2005. Svar Tæknihreinsunar er dagsett 20. maí. 2005. Í svarinu kemur fram að Tæknihreinsun telji kvartanda ekki réttan eiganda vörumerkisins sem sé skráð í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu. Í ljós hafi komið að það tilheyri fyrirtæki sem beri heitið Fyrirtæki og fasteignir ehf. Kvartandi hafi því enga sjáanlega hagsmuni í þessu máli.

Fram kemur að Tæknihreinsun hafi keypt myndmerkið „*Girl in a tub*“ af S. Morantz Inc. þann 18. maí 2005 og muni Tæknihreinsun ekki gefa eftir rétt sinn til að nota myndmerkið ef upp komi þær aðstæður að forsvarsmenn telji það gagnast fyrir viðskipti fyrirtækisins.

Bent sé á að áður en Nýja tæknihreinsunin hafi verið skráð, hafi verið til einkahlutafélag með nafninu Tæknihreinsun, engu að síður hafi Nýja tæknihreinsunin verið skráð. Félagið hafi síðan verið lagt niður og fengu forsvarsmenn Tæknihreinsunar heimild til að skrá nafnið. Því sé þannig mótmælt að skráningin feli í sér brot gegn rétti kvartanda og er vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar í máli nr. 14/2003 *Garðatorg eignarmiðlun ehf. gegn samkeppnisráði*. Að öðru leyti eru fyrri rök ítrekuð.

4.

Með bréfi, dags. 25. maí 2005, var svar Tæknihreinsunar sent Nýju tæknihreinsuninni til umsagnar. Með bréfi, dags. 30. júní 2005, til Nýju tæknihreinsunarinnar var tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Tilkynnt var að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og málið flyttist til þeirrar stofnunar og fengi afgreiðslu þar.

Bréf Nýju tæknihreinsunarinnar barst Neytendastofu þann 17. ágúst 2005. Í bréfinu er bréfi Tæknihreinsunar, dags. 27. apríl 2005, mótmælt í heild sinni. Fram kemur að láðst hafi að breyta kennitölu við vörumerki kvartanda hjá Einkaleyfastofu þegar eigendaskipti urðu á fyrirtækinu. Úr því hafi verið bætt þegar upp komst og nái því réttur kvartanda yfir vörumerkinu til ársins 1997 og geti ekki nýgerður samningur um kaup á merkinu afmáð þann rétt. Einnig kemur fram að þegar Nýja tæknihreinsunin hafi verið skráð hafi eigandi þess verið sá sami og átti Tæknihreinsun.

5.

Með bréfi dags. 30. ágúst 2005, var bréf Nýju tæknihreinsunarinnar sent Tæknihreinsun til umsagnar. Bréf Tæknihreinsunar er dags. 20. september 2005. Í bréfinu hafnar Tæknihreinsun því að kvartandi sé rétthafi myndmerkisins „*Girl in a tub*“. Kvartandi hafi ekki verið skráður eigandi vörumerkisins fyrr en nokkrum



mánuðum eftir að Tæknihreinsun keypti myndmerkið af S. Morantz Inc. Því sé hafnað að kvartandi geti haft einkarétt til notkunar á orðinu tæknihreinsun þar sem orðið sé almennt orð sem skírskoti til þeirrar þjónustu sem verið sé að bjóða. Áður hafi verið starfandi félag með nafninu Tæknihreinsun og breytt þar engu um að sami eigandi hafi verið að því og Nýju tæknihreinsuninni þar sem um sjálfstæða lögaðila var að ræða. Að öðru leyti séu fyrri rök ítrekuð.

6.

Með bréfi, dags. 28. október 2005, tilkynnti Neytendastofa málsaðilum að gagnaöflun í málinu væri lokið. Tekið var fram að sökum mikilla anna hjá stofnuninni gætu orðið einhverjar tafir á málinu. Með bréfi, dags. 7 júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í erindi Nýju tæknihreinsunarinnar er kvartað yfir notkun Tæknihreinsunar á firmanafninu Tæknihreinsun, óheimilli notkun Tæknihreinsunar á vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar og villandi auglýsingum sem sendar voru út, m.a. til einhverra viðskiptavina Nýju tæknihreinsunarinnar. Þess er krafist að Tæknihreinsun verði gert að láta af notkun firmanafnsins Tæknihreinsun og vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar. Þá er þess einnig krafist að Tæknihreinsun verði beitt viðurlögum vegna háttseminnar.

Nýja tæknihreinsunin hefur starfað frá árinu 1997 og hafa núverandi eigendur rekið Nýju tæknihreinsunina frá árinu 2002. Starfsemi Nýju tæknihreinsunarinnar felst m.a. í því að þjónusta önnur fyrirtæki við þrif. Nýja tæknihreinsunin fékk einkaleyfi til notkunar á myndmerkinu „*Girl in a tub*“ frá erlenda aðilanum S. Morantz Inc. árið 1997 og var orð- og myndmerki Nýju tæknihreinsunarinnar skráð í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu árið 1998. Rétt sinn til vörumerkisins byggir Nýja tæknihreinsunin á órofa framsali frá skráningardegi.

Tæknihreinsun var skráð í fyrirtækjaskrá árið 2004 og starfar við hreingerningþjónustu, meindýraeyðingu og sóttþreinsun. Tæknihreinsun fékk heimild til að nota kynningarefni frá erlenda aðilanum S. Morantz Inc. við kynningu á starfseminni. Meðal þess kynningarefnis var myndmerki sem er hluti af vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar. Í maí 2005 keypti Tæknihreinsun einkaleyfi til notkunar á myndmerkinu eftir að í ljós kom að Nýja tæknihreinsunin var ekki skráður réttthafi vörumerkisins í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu heldur fyrri eigandi fyrirtækisins.



Í erindinu er vísað til 5., 6. og 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum.

Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Taki þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslíð. Vörumerki og firmaheiti eru auðkenni sem notuð eru í atvinnurekstri og falla undir 12. gr. laganna. Firmaheitið auðkennir fyrirtækið og vörumerkið auðkennir þá vöru og þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. Firmanafn getur einnig verið vörumerki uppfylli það skilyrði vörumerkjalaga. Í málinu er deilt um rétt til beggja auðkennanna.



2.

Fyrst skal litið til þess þáttar kvörtunarinnar sem lýtur að notkun Tæknihreinsunar á firmanafninu Tæknihreinsun. Nýja tæknihreinsunin var skráð í fyrirtækjaskrá árið 1997 en Tæknihreinsun árið 2004. Að mati Neytendastofu eru bæði fyrirtækin réttilega skráð í fyrirtækjaskrá og á því 2. málslíður 12. gr. við þegar meta skal hvort ruglingshætta sé fyrir hendi. Þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Með skráningu firmanafns er meginreglan sú að fyrirtækið öðlast einkarétt til firmanafnsins og er öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Verndin takmarkast við að heitið sé ekki almennt orð sem sé lýsandi fyrir þá vöru og þjónustu sem í boði er. Hér kemur því til álita hvort orðið tæknihreinsun feli í sér nægilegt sérkenni til þess að Nýja tæknihreinsunin hafi öðlast einkarétt yfir orðinu og öðrum sé þar með óheimil notkun orðsins í firmanafni.

Orðið tæknihreinsun er samsett orð úr tveimur almennum orðum, tækni og hreinsa. Að mati Neytendastofu hefur ekki verið sýnt fram á það að orðin samsett sem tæknihreinsun sé almennt orð í íslensku. Orðið er hvorki að finna í orðabók Háskólans né Íslenskri orðabók, þriðju útgáfu frá árinu 2002. Þá er orðið ekki sérstaklega lýsandi fyrir þá atvinnustarfsemi sem fyrirtækin stunda. Gildir þá einu hvort orðið er notað með eða án greinis enda um sama orð að ræða. Þá verður heldur ekki talið að orðið nýja sem skeytt er fyrir framan orðið tæknihreinsun í nafni Nýju tæknihreinsunarinnar hafi í sér fólgið nægilegan aðgreiningarmun sem geti heimilað öðrum að nota orðið tæknihreinsun í firmanafni sínu, hvorki eitt og sér né í samsettu orðasambandi með öðrum orðum. Að þessu virtu er því hafnað að úrskurður áfrýjunarnefndar, í máli nr. 14/2003 *Garðatorg eignarmiðlun ehf. gegn samkeppnisráði*, eigi við í þessu máli.

Fyrirtækin starfa í sömu atvinnugrein á sama landfræðilega svæði og eru keppinautar. Notkun Tæknihreinsunar á orðinu tæknihreinsun skapar þar af leiðandi hættu á að neytendur eða aðrir viðskiptamenn geti villst á fyrirtækjunum og hefur verið sýnt fram á slíkan rugling. Að mati Neytendastofu er því notkun Tæknihreinsunar á firmanafninu Tæknihreinsun brot á 5. gr. og 2. málslíðu 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

3.

Þá skal litið til þess þáttar er snýr að kvörtun yfir notkun Tæknihreinsunar á vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar. Vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar er samsett orð- og myndmerki. Myndmerkið, „*Girl in a tub*“, er mynd í lit af armæða stúlku að þrifa rimlagluggatjöld í baðkari. Orðmerkið er Nýja tæknihreinsunin ritað



með bláum og rauðum stöfum fyrir neðan myndina. Myndmerkið er sá hluti vörumerkisins sem báðir aðilar telja sig hafa einkarétt til notkunar á.

Rétt sinn til myndmerkisins byggir Nýja tæknihreinsunin á einkaleyfi sem veitt var fyrirtækinu til notkunar á myndmerkinu frá S. Morantz Inc. árið 1997 og skráningu myndmerkisins í vörumerkjaskrá árið 1998. Eins og fram hefur komið urðu eigendaskipti á Nýju tæknihreinsuninni og láðist að gæta þess að vörumerkið fylgdi með í kaupunum. Úr því var bætt þegar það kom í ljós og ekkert bendir til annars en vörumerkið hafi átt að fylgja með í kaupum á Nýju tæknihreinsuninni og að aðilar hafi talið svo vera uns annað kom í ljós.

Tæknihreinsunin byggir rétt sinn til myndmerkisins á einkarétti til notkunar myndmerkisins frá sama aðila og veitt hafði Nýju tæknihreinsuninni einkarétt til notkunar á myndmerkinu. Einkaleyfið var veitt í maí 2005, eftir að mál þetta hefst. Ekkert hefur fram komið í málinu sem leiðir líkur að því að notkunarréttur Nýju tæknihreinsunarinnar hafi verið dreginn til baka eða fallið niður. Að mati Neytendastofu getur síðar tilkominn samningur um einkaleyfi á notkunarrétti ekki rýmt út skráðum rétti Nýju tæknihreinsunarinnar til myndmerkisins. Á því 1. málsliður 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti við um mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi varðandi myndmerkið.

Fram hefur komið að Nýja tæknihreinsunin hafi notað myndmerkið í vörumerki sínu frá árinu 1998. Viðskiptavinir Nýju tæknihreinsunarinnar þekkja myndmerkið í tengslum við Nýju tæknihreinsunina. Telja verður að þegar annað fyrirtæki sem starfar á sama sviði notar myndmerki úr vörumerki keppinautar sé sú notkun til þess fallin að viðskiptavinir sem og aðrir neytendur ruglist á fyrirtækjunum eða í það minnsta telja einhver tengsl vera á milli þeirra. Að mati Neytendastofu er notkun Tæknihreinsunar á myndmerkinu „*Girl in a tub*“ brot á 5. gr. og 1. málslið 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

4.

Í málinu tilgreinir Nýja tæknihreinsunin einnig að Tæknihreinsun hafi brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Með vísan til þess sem hér hefur þegar komið fram um þá ruglingshættu sem skráningin veldur og óheimilli notkun Tæknihreinsunar á myndmerkinu „*Girl in a tub*“ telur Neytendastofa ekki þörf á að fjalla einnig um brot á 6. gr.

Nýja tæknihreinsunin fer fram á að Tæknihreinsun verði beitt viðurlögum. Hér að ofan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að Tæknihreinsun hafi brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Athöfn sem brýtur í bága við siðareglur á borð við þær sem fjallað er um í 5. og 12. gr. getur ekki út af fyrir sig leitt til einkaréttarlegra né refsiréttarlegra viðurlaga, heldur aðeins til þess að bann



verði lagt við því að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin. Bannið tekur til framtíðarinnar. Sé hins vegar brotið gegn fyrir mælum Neytendastofu um bann er grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Tæknihreinsun ehf., Eyjavöllum 5, 230 Reykjanesbæ, hefur með notkun firmanafnsins Tæknihreinsun ehf. brotið gegn 5. gr. og 2. ml. 12. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Tæknihreinsun ehf. hefur með notkun á vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar ehf. brotið gegn 5. gr. og 1. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Tæknihreinsun ehf. að nota firmanafnið Tæknihreinsun ehf. og vörumerki Nýju tæknihreinsunarinnar ehf.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 16. janúar 2007